

Mál nr. 337/2015**M og****vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.**

Kona slasaðist 25.2.2014 þegar hún var farþegi í eigin bíl sem var ekið af ökumanni sem var undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 11.9.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var farþegi í eigin bifreið þegar hún valt á Vesturlandsvegi. Ökumaður segist hafa verið að aka M heim, en þau hafi verið við drykkju á föstudegi en slysið varð á mánudagsmorgni. Ökumaður segir að M hafi verið hálfsofandi en hafi örugglega vitað að hann þ.e. ökumaðurinn væri að fara að skutla M heim. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar úr hendi V. V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að sæta skerðingu bóta um 50%. Af hálfu M er haldið fram að ekkert liggja fyrir um að M hafi vitað um ástand ökumanns meðan á akstrinum stóð og þá séu atvik málsins með þeim hætti að M hafi ekki verið í aðstöðu til að gera sér grein fyrir því að ökumaðurinn hafði neytt fíkniefna nokkrum dögum fyrir aksturinn og verið í óökuhæfu ástandi. Þar fyrir utan er því haldið fram af hálfu M að um heimildarskort hafi verið að ræða hjá ökumanni til aksturs bifreiðar M. Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja og eiturefnafræðum við Háskóla Íslands telst ökumaður hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, vegna neyslu þar til greindra fíkniefna. V bendir á að við handtöku hafi ökumaður verið valtur á fótum og þvoglumæltur og því hafi það vart farið fram hjá M í hvers konar ástandi ökumaður var í. Þá bendir V á að í tjónstilkynningu frá M komi fram að hún og ökumaður hafi vankast við höggið sem varð þegar þau lentu í umferðaróhappinu. V bendir á að M hafi ekki lagt fram kæru á hendur ökumanni fyrir að taka bifreiðina ófrjálsri hendi. V vísar til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 varðandi skerðingu bótaréttar M um helming og 30. gr. þágildandi skilmála ökutækjatrýggingar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að ökumaður og M hafi verið í töluverðum samskiptum áður en ökuferðin sem hér ræðir um hófst. Ökumaður lýsir því m.a. að þau M hafi verið samskiptum frá því á föstudagskvöldi. Miðað við ástand ökumanns eftir að umferðaróhappið átti sér stað sbr. lýsingu í gögnum málsins mátti M vita um ástand hans sem staðfest er í lögregluskýrslu og gat gert sér grein fyrir að hann var óhæfur til að stjórna bifreið örugglega. M sýndi því af sér stórkostlegt gáleysi þegar hún settist upp í bifreið sína sem var stjórnað af ökumanni sem ekki var til þess hæfur og sætir því skerðingu bóta um helming sbr. 2. mgr. 27. gr. (1. mgr. 90. gr. laga) um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V en sætir skerðingu bóta um 50%.

Reykjavík 27.10.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.